- Mr. and Mrs. Morris N. Hughes *American Consulate General, Tunis, Tunisia.*
- Mr. and Mrs. C. Baxter c/o Foreign Office, London
- Mr. S. Mac Bride c/o Ólafur R. Hallgr.

General



Mr. C.H. Bonesteel

spunja sig. E.

~~Ólafur Johnson og frú~~

~~Halvard Lange og frú~~

c/o Utenriksministeriet, Oslo

~~Mr. S.H. Friedman Cossa Venezia, 13 Milan, Italia~~

~~Mr. and Mrs. H.E. Carlson~~

c/o Department of State, Washington

~~Sir Gerald and Lady Shephard Bermundiana Hotel, Hamilton Bermuda~~

~~Frk. Ragnhildur Pétursdóttir~~

<sup>Ronald</sup>  
H.hárfagres gat.12A II. Oslo

~~Mr. and Mrs. J.R. Ruhsenberger 256 E. Mendocino Avenue Altadena, California~~

~~Minister of National Defence and Mrs. B. Claxton, Ottawa, Canada~~



Fr á s ó g n.

Sendiherra Íslands í London hefir skýrt frá því að í apríl s.l. hafi Mr. George Boex, forstjóri í British Aluminium Co. Ltd., komið að máli viðsig og hefði erindi hans verið að ræða hugmynd í sambandi við byggingu aluminium verksmiðju á Íslandi. Mr. Boex skýrði frá því, að hugmynd þessi hefði fæst í stríðsbyrjun og hefði brezka ríkisstjórnin haft áhuga fyrir að koma upp aluminium verksmiðju á Íslandi vegna framleiðslu til hernáðarparfa. Úr þessu hefði þó ekki orðið því við nánari athugun þótti sýnt að framleiðsla gæti ekki hafist fyrr en undir stríðslok.

Mr. Boex sagði, að fyrirtæki hans hefði síðan 1942 haft áhuga fyrir að hefja aluminium framleiðslu á Íslandi í sambandi við aflstöð, sem byggð yrði við Þjórsá. Verkfræðilegir ráðunauter fyrirtækisins hefðu smelt vatnsmagn árinna á mismunandi tíma árs. The British Aluminium Co. hefði þó af ýmsum ástæðum ekki séð sér fært að fylgja þessu máli eftir, meðal annars vegna meiri dýrtíðar á Íslandi en annars staðar, en vegna gengisfellingar íslensku krónunnar hefðu aðstaður batnað svo forráðamenn fyrirtækisins álitu að nákvæm athugun á þessu máli veri nú vel þess verð að gerð yrði.

Mr. Boex skýrði síðan frá því, að málið hefði verið hugsað á þá leið:

- 1) að Íslenska ríkið byggði aflstöð við Þjórsá til að framleiða rafmagn fyrir aluminiumverksmiðjuna. Beri það allan kostnað af byggingu orkuversins og leiðalum frá því, enda yrði Íslenska ríkið

að sjálfsögðu eigandi þessa orkuvers. Taldi hann að það væri stefna flestra ríkisstjórna að hafa sjálfar eignarrétt yfir slíkum orkuverum og rék þar með hag þjóðarinnar fyrir augum. Sagði hann að kostnaðurinn við byggingu orkuversins væri áætlaður 10-15 millj. sterlingsp. Hann lét þó í ljósi þá skoðun að fjármagn til byggingu þessarar afletðvar atti að vera hægt að fá með hjálp einhversrar alþjóðlegrar stofnunar, sem hefði með höndum slík verkefni, þar sem hægt væri að gefa tryggingu fyrir áreiðanleik The British Aluminium Co.

- 2) að The British Aluminium Co. byggði nauðsynlegar verksmiðjur í nágrenni Reykjavíkur (í þessu sambandi minntist hann á eyju nálægt Reykjavík, sem hann mundi ekki nafn á) og gerði nauðsynleg hafnarmannvirki. Kostnaðurinn vegna þessara framkvæmda væri áætlaður viðlíka og kostnaðurinn við byggingu afletðvarinnar eða 10-15 millj. sterlingsp.

Í lok bréfsins sem Mr. Boex ritar til staðfestingar á viðtali sínu við sendiherrann, sagði hann, að vaxandi eftirspurn sé eftir aluminium og að Stóra Bretland geti tekið við allri aluminium framleiðslu frá Íslandi, en framleiðsluna mætti að sjálfsögðu einnig selja til annarra landa, og myndu því þessar framkvæmdir verða veruleg hjálp við að auka íslenska verzlun og besta hag landsins. Þá tekur hann fram, að hér sé að sjálfsögðu aðeins um bollalaggingar á framtígi málsins að ræða, fyrirtæki hans myndi/eyða stórra fjárhæð nema að öruggt þætti, að hér væri um arðvænlegar framkvæmdir að ræða og ~~þess vegna~~ að hægt yrði að selja framleiðsluna með samkeppnisverði. Loks biður Mr. Boex

um að hann yrði látinn vita, hver afstaða Íslensku ríkisstjórnarinnar í stórum dráttum sé til þessara tillagna, og að vitneskju um þetta mál yrði haldið innan þringshrings, þar sem ~~þetta~~<sup>líta</sup> eðskilegt væri að almenn athygli yrði vakin á málinu, áður en nokkrar ákvarðanir yrðu teknar. Hann segir síðan, að hann geti hvessur sem er gefið nánari upplýsingar þessu viðvákjandi og hann væri reiðubúinn til að fara til Íslands strax og nauðsynlegt þætti.

Í viðtali sínu lýsti Mr. Boex yfir því, að hann teldi óhjákvæmilegt, ef úr framkvæmdunum yrði, að flytja inn allt að 2000 verkamenn til að vinna að byggingu verksmiðjanna, og hann talaði um að álíka fjöldi Íslenskra verkamanna þyrfti einnig til að vinna við bygginguna.

Sendiráðið hefir snúið sér til Hambros Bank og beðið um upplýsingar um ofangreint fyrirtæki og fékk það svar, að það væri "first class" en á meðfylgjandi plöggum, sem bankinn sendi sendiráðinu eru nánari upplýsingar um hag þessa fyrirtækis, en þar segir að British Aluminium Co. Ltd. sé einn af stærstu aluminium framleiðendum í heimi og á upplýsingaskjali þessu eru talin upp fjöldi undirfélaga og systurfélaga þessa fyrirtækis í ýmsum löndum, þar á meðal í Bandaríkjunum, Indlandi, Pakistan, Frakklandi, Noregi, Sviss og fleirum.

Upphætt / Bth.

**Tillaga**

**til forseta Íslands**

**um**

**að veita núverandi**

**ráðuneyti lausn frá**

**störfum.**

**Þar sem samkomulag hefur orðið**

**milli Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins**

**um myndun nýrrar ríkissjórnar undir forystu**

**formanns Sjálfstæðisflokksins, Ólafs ráðherra**

**Thors, leyfi ég mér allravigingarfyllt að**

**fara þess á leit, að yður, herra forseti, þóknist**

**að veita mér og ráðuneyti mínu lausn frá störfum.**

**Forsætisráðuneytinu, 11. sept. 1953.**

**Allravigingarfyllt,**

Upphætt / 1953

Tillaga  
forseta Íslands  
um  
skipun og skipting  
starfa ráðherra.

Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafa komið sér saman um starfsgrundvöll fyrir ríkisstjórn, er báðir flokkarnir eigi fulltrúa í og styðji, og falið mér forseti slíkrar stjórnar, ef yður, herra forseti, þóknast að fallast á það. Með mér í ráðuneytið hefi ég fengið Steingrím Steinþórsson, fyrrverandi forsetisráðherra, Bjarna Benediktsson, fv. utanríkisráðherra, Björn Ólafsson, fv. ~~ráðherra~~ ráðherra, Eysteinn Jónsson, fv. ráðherra ~~og~~ og dr. Kristinn Guðmundsson, skattstjóra.

Í trausti þess, að þér, herra forseti, fallist á að fela mér myndun ráðuneytisins, leyfi ég mér að leggja hér með til undirskriftar, skipunarbréf handa ráðherrunum og tillögu að úrskurði um verkaskiptingu, sem ég æski að gefinn verði útjafnframt.

REYKJAVÍK, 11. sept. 1953.

Allravigingarfyllt,

# FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Samkvæmt 15. gr. stjórnarskrárinnar og tillögu forsætisráðherra set ég hér með eftirfarandi ákvæði um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.:

- I. Forsætisráðherra Ólafur Thom. Undir hann heyra eftirgreind mál: Stjórnarskráin, Alþingi, nema að því leyti sem öðruvísi er ákveðið, almenn ákvæði um framkvæmdastjórn ríkisins, skipun ráðherra og lausn, forsæti ráðuneytisins, skipting starfa ráðherranna, mál, sem varða stjórnarráðið í heild, hin íslenska fálkaorða og önnur heiðursmerki, Þingvallanefnd og mál varðandi meðferð Þingvalla, ríkisprentsmiðjan Gutenberg og ríkisbúið á Bessastöðum. Sjávarútvegsmál, þar undir Fiskifélagið og fiskimálasjóður, síldarútvegsmál <sup>mál</sup> (síldarverksmiðjur og síldarútvegsmál), svo og öll önnur atvinnu- mál, sem eigi eru í ~~úrskurði~~ úrskurði þessum falin öðrum ráðherrum. Útflutningsverzlun. Sementsverksmiðjan. Landssmiðjan. Atvinna við siglingar. Stýrimannskólinn, Skipaskoðun ríkisins, Vitamál. Hafnar- mál. Eimskipafélag Íslands h. f.
- II. Ráðherra dr. Kristinn Guðmundsson. Undir hann heyra utanríkis- mál, framkvæmd hervarnarsamningsins þ. á. m. lögreglumál, tolla- mál, flugmál, heilbrigðismál, ~~félagsmál~~ félagsmál og önnur þau mál, er leiða af dvöl hins erlenda hers í landinu. Gildir þetta um varnar- svæðin og mörk þeirra. Ennfremur vegamál og samgöngur á sjó, ~~eccu~~ *eis: heyrir undir aðra ráðherra samkvæmt innskerti þessins.*
- III. Ráðherra Steingrímur Steinþórsson. Undir hann heyra landbúnaðar- mál, þar undir ræktunarmál, þ. á. m. skógræktarmál og sandgræðslu- mál, búnaðarfélag, búnaðarskólar, garðyrkjustólur, húsmæðraskólar í sveitum, dýralækingamál, þjóðjarðamál, Búnaðarbanki Íslands.

Ennfremur rafmagnamál, þ. á. m. rafmagnsveitur ríkisins og rafmagns-  
eftirlit, vatnamál, þar undir sérleyfi til vatsnorkunotkunar, jarðboranir  
eftir heitu vatni og gufu. Námurekstur. Kaupfélög og samvinnufélög.  
Atvinnudeild háskólans. Rannsóknarráð ríkisins. Kirkjumál. Samgöngu-  
mál, sem eigi eru í úrskurði þessum falin öðrum ráðherrum. Félags-  
mál, þar undir alþýðutryggingar, atvinnubætur, vinnudeilur, sveitar-  
stjórnar-og framfærslumál. Félagsdómur. Almenn styrktarstarfsemi, þar  
undir styrkveitingar til berkla sjúklinga og annarra sjúklinga, sem haldnir  
eru langvinnum sjúkdómum, sjúkrasjóðir, ellistyrktarsjóðir, öryrkja-  
sjóðir, slysatryggingasjóðir, lífsábyrgðarsjóðir og aðrir tryggingasjóðir,  
þar með talið Brunabótafélag Íslands, nema sérstaklega séu undan teknir  
Byggingafélög. Veðurstofan. ~~Mál~~ Mælitækja-og vogaráhaldamál.

- IV. Ráðherra Bjarni Benediktsson. Undir hann heyr<sup>a</sup> <sub>c</sub> dómskipun, dómsmál,  
önnur en félagsdómur, þar undir framkvæmd refsidóma, hegninga-og  
fangahús, tillögur um náðun, veiting réttarfarslegara ~~má~~ leyfisbréfa,  
málflutningsmenn, lögreglumálefni, þ. á. m. gæsla landhelginnar, áfengis-  
mál, strandmál, sifjaréttarmál, erfðaréttarmál, persónuréttmál, eignar-  
réttarmál, yfirfjárráðamál, lög um kosningar til Alþingis og ~~þá~~ kjördæma-  
skipting, umsjón með framkvæmd alþingiskosninga, ríkisborgararéttur,  
útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs, húsameistari ríkisins, verzlunar-  
mál, sem ekki eru í úrskurði þessum falin öðrum ráðherrum, þar undir  
verzlunarskólar. Menntamál, þar undir skólar, sem ekki eru sérstaklega  
undan teknir, útvarpsmál og viðtækjaverzlun, barnaverndarmál, Mennta-  
málaráð Íslands, Þjóðleikhús og önnur leiklistarmál, kvikmyndamál,  
skemmtanaskattur.





# Auglýsing

um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

Eftir tillögu forsætisráðherra og samkvæmt 15. og 17. gr. stjórnarskrárinnar hefur forseti Íslands í dag sett eftirfarandi ákvæði um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.:

- I. Forsætisráðherra, Steingrímur Steinþórsson. Undir hann heyra eftirgreind mál: Stjórnarskráin, Alþingi, nema að því leyti sem öðruvísi er ákveðið, almenn ákvæði um framkvæmdastjórn ríkisins, skipun ráðherra og lausn, forsæti ráðuneytisins, skipting starfa ráðherranna, mál, sem varða stjórnarráðið í heild, hin íslenska fálkaorða og önnur heiðursmerki, Þingvallanefnd og mál varðandi meðferð Þingvalla, ríkisprentsmiðjan Gutenberg og ríkisbúið á Bessastöðum. Félagsmál, þar undir alþýðutryggingar, atvinnubætur, vinnudeilur, sveitarstjórnar- og framfærslumál. Félagsdómur. Almenn styrktarstarfsemi, þar undir styrkveitingar til berkla sjúklinga og annarra sjúklinga, sem haldnir eru langvinnnum sjúkdómum, sjúkrasjóðir, ellistyrktarsjóðir, öryrkjasjóðir, slysatryggingasjóðir, lífsábyrgðarsjóðir og aðrir tryggingasjóðir, þar með talið Brunabótafélag Íslands, nema sérstaklega séu undan teknir. Byggingafélög. Enn fremur heilbrigðismál, þar á meðal sjúkrahús og heilsuhæli.
- II. Ráðherra Bjarni Benediktsson. Undir hann heyrir dómaskipun, dómsmál, önnur en félagsdómur, þar undir framkvæmd refsidóma, hegninga- og fangahús, tillögur um náðun, veiting réttarfarslegra leyfisbréfa, málflytningarmenn, lögreglumálefni, þ. á m. gæzla landhelginnar, áfengismál, strandmál, sífjaréttarmál, erfðaréttarmál, persónuréttarmál, eignarréttarmál, yfirfjárráðamál, lög um kosningar til Alþingis og kjördæmaskipting, umsjón með framkvæmd alþingiskosninga, ríkisborgararéttur, útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs, húsameistari ríkisins, verzlunarmál, sem ekki eru í úrskurði þessum falin öðrum ráðherrum, þar undir verzlunarskólar. Enn fremur utanríkismál.
- III. Ráðherra Björn Ólafsson. Undir hann heyra menntamál, þar undir skólar, sem ekki eru sérstaklega undan teknir, útvarpsmál og viðtækjaverzlun, barnaverndarmál, Menntamálaráð Íslands, leiklistarmál og kvikmyndamál, skemmtanas kattur. Viðskiptamál, önnur en utanríkisverzlun með sjávarafurðir. Bankar, sparisjóðir, gjaldeyrismál og verðlagsmál. Enn fremur flugmál, þ. á m. flugvallarekstur. Póst-, síma- og loftskiptamál.
- IV. Ráðherra Eysteinn Jónsson. Undir hann heyra fjármál ríkisins. Þar undir skattamál, tollamál og önnur mál, er varða tekjur ríkissjóðs, svo sem ef verzlun er rekin til að afla ríkissjóði tekna, undirskrift ríkisskuldabréfa, fjárlög, fjárukaulög og reikningsskil ríkissjóðs, hin umboðslega endurskoðun, embættisveð. Eftirlit með innheimtumönnum ríkisins, laun embættismanna, eftirlaun, lífeyrir embættismanna og ekkna þeirra, peningamál, þar undir peningaslátta. Yfirleitt fer þessi ráðherra með öll þau mál, er varða fjárhag ríkisins eða landsins í heild, nema þau efi eftir eðli sinu eða sérstöku ákvæði heyri undir annan ráðherra. Hagstofan. Mæling og skrásetning skipa.
- V. Ráðherra Hermann Jónasson. Undir hann heyra landbúnaðarmál, þar undir ræktunarmál, þ. á m. skógræktarmál og sandgræðslumál, búnaðarfélag, búnaðarskólar, garðyrkjuskólar, húsmæðraskólar í sveitum, dýralækningamál, þjóðjarðamál, Búnaðarbanki Íslands. Enn fremur rafmagnsmál, þ. á m. rafmagnsveitur ríkisins og rafmagnseftirlit, vatnamál, þar undir sérleyfi til vatnsorku-notkunar, jarðboranir eftir heitu vatni og gufu. Nápurekstur. Kaupfélag og samvinnufélag. Atvinnudeild háskólans. Rannsóknarráð ríkisins. Kirkjumál. Samgöngumál, sem eigi eru í úrskurði þessum falin öðrum ráðherrum, þar undir vegamál.
- VI. Ráðherra Ólafur Thors. Undir hann heyra sjávarútvegsmál, þar undir Fiskifélagið og fiskimálasjóður, sildarútvegsmál (sildarverksmiðjur og sildarútvegsefnd), svo og öll önnur atvinnumál, sem eigi eru í úrskurði þessum falin öðrum ráðherrum. Utanríkisverzlun með sjávarafurðir. Landssmiðjan. Mælitækja- og vogaráhaldamál. Atvinna við siglingar. Stýrimannaskólinn. Skipaskoðun ríkisins. Vitamál. Hafnarmál. Iðnaðarmál, þar undir iðnskólar, iðnaðarnám, iðnfélag. Eftirlit með verksmiðjum og vélum. Einkaréttarleyfi. Veðurstofan.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafundi halda, ef einhver ráðherra æskir að bera þar upp mál.

Með úrskurði þessum er úr gildi felldur forsetaúrskurður frá 6. desember 1949, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

Þetta birtist hér með öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Forsætisráðuneytið, 14. marz 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Birgir Thorlacius.

# Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Skrifstofa blaðsins  
er í stjórnnarráðshúsinu, sími 6740.  
Árg. kostar 10 krónur.

Nr. 65

44. ár

Miðvikudaginn 17. okt. 1951

## Nauðungaruppboð.

Reykjavík.

1.

Eftir kröfu bæjargjaldkerans í Reykjavík og að undangengnu lögtaki 22. júní 1951, verður húseignin á Selásbletti 23, Suðurlandsbraut hér í bænum, með tilheyrandi lóð og mannvirkjum, talin eign Gísla Jónssonar, boðin upp og seld, ef viðunanlegt boð fæst, til lúknings fasteignagjaldi að fjárhæð krónur 27.20, auk vaxta og kostnaðar, á opinberu uppboði, sem haldið verður á eigninni sjálfri þriðjudaginn 13. nóv. 1951, kl. 2 e. h.

[1157 c

2.

Eftir kröfu bæjargjaldkerans í Reykjavík og að undangengnu lögtaki 19. júní 1951, verður húseignin nr. 3 við Traðakotssund hér í bænum, með tilheyrandi lóð og mannvirkjum, þinglesin eign Theodóru M. Grimsdóttur o. fl., boðin upp og seld, ef viðunanlegt boð fæst, til lúknings fasteignagjaldi að fjárhæð krónur 316.00, auk vaxta og kostnaðar, á opinberu uppboði, sem haldið verður á eigninni sjálfri miðvikudaginn 14. nóv. 1951, kl. 10½ f. h.

[1158 c

3.

Eftir kröfu bæjargjaldkerans í Reykjavík og tollstjórans í Reykjavík og að undangengnum lögtökum 9. okt. 1947 og 14. marz 1951, verður húseignin nr. 23 við Þórsögðu hér í bænum, með tilheyrandi lóð og mannvirkjum, þinglesin eign Hjörleifs Kristmannssonar, boðin upp og seld, ef viðunanlegt boð fæst, til lúknings heimaæðargjaldi, hitaveitugjaldi og þinggjaldi að fjárhæð kr. 2740.00, auk vaxta og kostnaðar, á opinberu uppboði, sem haldið verður á eigninni sjálfri föstudaginn 16. nóv. 1951, kl. 10 f. h.

[1159 c

4.

Eftir kröfu Sveinbjarnar Jónssonar og Gunnars Þorsteinssonar hrl. og að undangengnum fjárnámum 3. þ. m., verður b/v Jón Steingrímsson R.E. 231, með tilheyrandi, þinglesin eign Bergs Lárussonar o. fl., boðinn upp og seldur, ef viðunanlegt boð fæst, til lúknings dómskuldum samtals að fjárhæð kr. 6656.95, auk vaxta og kostnaðar, á opinberu uppboði, sem haldið verður um borð í skipinu í Reykjavíkurböfn föstudaginn 16. nóv. 1951, kl. 2 e. h.

[1160 c

5.

Eftir kröfu tollstjórans í Reykjavík og að undangengnu lögtaki 13. marz 1951, verður flugvélin T. F. K. A. H., með tilheyrandi, talin eign Flugskólans Pegasus, boðin upp og seld, ef viðunan-

## Auglýsing

um breyting á forsetaúrskurði frá 14. marz 1950, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

Forseti Íslands hefur í dag fallizt á tillögu forsætisráðherra um eftirfarandi breyting á forsetaúrskurði frá 14. marz 1950, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.:

Við III. lið:

Orðin „utanríkisverzlun með sjávarafurðir“ falli burt, en í staðinn komi: útflutningsverzlun. Aftan við liðinn bætist: Iðnaðarmál, þar undir iðnskólar, iðnaðarnám, iðnfélög. Eftirlit með verksmiðjum og vélum. Einkaleyfi.

Við V. lið:

Aftan við liðinn bætist: Mælitækja- og vogaráhaldamál. Veðurstofan.

Við VI. lið:

Í stað orðanna „Utanríkisverzlun með sjávarafurðir“ komi: Útflutningsverzlun. Eimskipafélag Íslands. Niður falli: Iðnaðarmál ..... Einkaréttarleyfi. Einnig orðið „Veðurstofan“.

Þetta birtist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

Í forsætisráðuneytinu, 9. október 1951.  
Steingrímur Steinþórsson.

Birgir Thorlacius.

1281]

## Reglugerð

um breyting á reglugerð um tekjuskatt og eignarskatt nr. 133 28. desember 1936.

1. gr.

Fyrri málsgrein 7. töluliðs 22. gr. falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem öðlast þegar gildi, er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 6. 9. janúar 1935.

Fjármálaráðuneytið, 11. október 1951.  
Eysteinn Jónsson.

1277]

Kjartan Ragnars.

legt boð fæst, til lúknings þinggjaldi o. fl. að fjárhæð kr. 3450.00, auk vaxta og kostnaðar, á opinberu uppboði, sem haldið verður á eigninni sjálfri föstudaginn 16. nóv. 1951, kl. 3 e. h.

[1161 c

6.

Eftir kröfu bæjargjaldkerans í Reykjavík og að undangengnu lögtaki 22. júní 1951, verður húseignin nr. 15 á Smálandsbraut hér í bænum, með tilheyrandi lóð og mannvirkjum, þinglesin eign Lúðvíks Gestssonar, boðin upp og seld, ef viðunanlegt boð fæst, til lúknings fasteignagjaldi að fjárhæð krónur 28.00, auk vaxta og kostnaðar, á opinberu uppboði, sem haldið verður á eigninni sjálfri föstudaginn 9. nóv. 1951, kl. 11 f. h.

[1130 c


7.

Eftir kröfu bæjargjaldkerans í Reykjavík og að undangengnu lögtaki 11. apríl 1951, verður hluti af húseigninni nr. 5 við Hamrahlið hér í bænum, með tilheyrandi lóð og mannvirkjum, þinglesin eign Marteins M. Skaftfells, boðinn upp og seldur, ef viðunanlegt boð fæst, til lúknings útsvari 1950 að fjárhæð kr. 735.00, auk vaxta og kostnaðar, á opinberu uppboði, sem haldið verður á eigninni sjálfri þriðjudaginn 27. nóv. 1951, kl. 2½ e. h.

[1241 b

8.

Eftir kröfu tollstjórans í Reykjavík og að undangengnu lögtaki 17. júlí 1951, verður húseignin Bræðratunga við Holtaveg hér í bænum, með tilheyrandi lóð og mannvirkjum, þinglesin eign Sigurð-



# SVEITARSTJÓRNARMÁL

*Efni:*

13. ÁRGANGUR

2. HEFTI (29)

Ný ríkisstjórn.

Félagmálaráðherrafundur  
Norðurlanda 1953.

Héraðsstjórn á Íslandi 1281—1872 eftir  
Þórð Eyjólfsson hæstaréttardómara.

Manntalsspjaldskrá Hagstofunnar.

Úrskurður félagmálaráðuneytisins um  
setu varamanns í bæjarstjórn.

Mannfjöldi á Íslandi 1952.

Fjórðungshing Austfjarða 1953.

# SVEITARSTJÓRNARMÁL

TÍMARIT UM MÁLEFNI ÍSLENZKRA SVEITARFÉLAGA

13. ÁRGANGUR

1953

2. HEFTI

ÚTGEFANDI: SAMBAND ÍSLENZKRA SVEITARFÉLAGA

ÁBYRGDARMAÐUR: JÓNAS GUÐMUNDSSON

Ritnefnd: Jónas Guðmundsson, Karl Kristjánsson, Þorsteinn Þ. Viglundsson, Björn Guðmundsson og Erlendur Björnsson.

Utanáskrift: SVEITARSTJÓRNARMÁL, Pósthólf 1079, Reykjavík.

## Ný ríkisstjórn

Hinn 11. september s. l. baðst ríkisstjórn Steingríms Steinþórssonar lausnar og sama dag skipaði forseti Íslands nýja ríkisstjórn undir forsæti Ólafs Thors, formanns Sjálfstæðisflokksins.

Hina nýju ríkisstjórn skipa eftirtaldir menn:

Ólafur Thors forsætis- og atvinnuáráðgjafi.

Kristinn Guðmundsson utanríkisráðgjafi.

Bjarni Benediktsson dóms- og menntamálaráðgjafi.

Eysteinn Jónsson fjármálaráðgjafi.

Steingrímur Steinþórsson landbúnaðar- og félagsmálaráðgjafi.

Ingólfur Jónsson viðskifta- og iðnaðarmálaráðgjafi.

Starfsskipting innan ríkisstjórnarinnar er með auglýsingu sama dag ákveðin eins og hér segir:

OLAFUR THÓRS forsætisráðgjafi. Undir hann heyrta eftirgreind mál: Stjórnarskráin, Alþingi, nema að því leyti sem öðruvísi er ákveðið, almenn ákvæði um framkvæmdastjórn ríkisins, skipun ráðgjafa og lausn, forsæti ráðgjafisins, skipting starfa ráðgjafanna, mál, sem varða stjórnarráðið í heild, hin íslenska fálkaorða og önnur heiðursmerki, Þingvallanefnd og mál varðandi meðferð Þingvalla, ríkisprentsmiðjan Gutenberg og ríkisbúið á Bessastöðum. Sjávarútvegsmál, þar undir Fiskifélagið og fiskimálasjóður, síldarútvegsmál (síldarverksmiðjur og síldarútvegsmiðjur), svo og öll önnur atvinnuálag, sem eigi eru í úrskurði þessum falin öðrum ráðgjafum. Útflutningsverzlun. Sementsverksmiðjan. Landssmiðjan. Atvinna við siglingar. Stýrimannaskólinn. Skipaskoðun ríkisins. Vitamál. Hafnarmál. Eimskipafélag Íslands h.f.

BJARNI BENEDIKTSSON dómsmálaráðherra. Undir hann heyrir dómaskipan, dómsmál, önnur en félagsdómur, þar undir framkvæmd refsidóma, hegninga- og fangahús, tillögur um náðun, veiting réttarfarslegra leyfisbréfa, málflutningsmenn, lögreglumálefni, þ. á. m. gæzla landhelginnar, áfengismál, strandmál, sifjaréttarmál, erfðaréttarmál, persónuréttarmál, eignaréttarmál, yfirfjárráðamál, lög um kosningar til Alþingis og kjördæmaskipting, umsjón með framkvæmd alþingiskosninga, ríkisborgararéttur, útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs, húsameistari ríkisins, verzlunarmál, sem ekki eru í úrskurði þessum falin öðrum ráðherrum, þar undir verzlunarskólar. Menntamál, þar undir skólar, sem ekki eru sérstaklega undan teknir, útvarpsmál og viðtækjaverzlun, barnaverndarmál, Menntamálaráð Íslands, Þjóðleikhús og önnur leiklistarmál, kvikmyndamál, skemmtanaskattur.

EYSTEINN JÓNSSON fjármálaráðherra. Undir hann heyrir fjármál ríkisins. Þar undir skattamál, tollamál og önnur mál, er varða tekjur ríkissjóðs, svo sem ef verzlun er rekin til að afla ríkissjóði tekna, undirskrift ríkisskuldabréfa, fjárlög, fjárlög og reikningsskil ríkissjóðs, hin umboðslega endurskoðun, embættisveð. Eftirlit með innheimtumönnum ríkisins, laun embættismanna, eftirlaun, lífeyrir embættismanna og ekkna þeirra, peningamál, þar undir peningaslátta. Yfirleitt fer þessi ráðherra með öll þau mál, er varða fjárhag ríkisins eða landsins í heild, nema þau eftir eðli sínu eða sérstöku ákvæði heyri undir annan ráðherra. Hagstofan. Mæling og skrásetning skipa.

INGÓLFUR JÓNSSON viðskiftamálaráðherra. Undir hann heyrir viðskiftamál, önnur en útflutningsverzlun. Bankar, sparissjóðir, gjaldeyrisfélög og verðlagsmál. Flugmál, þ. á. m. flugvallarekstur. Póst-, síma- og loftskiptamál. Iðnaðarmál, þar undir iðnskólar, iðnaðarnám, iðnfélög. Eftirlit með verksmiðjum og vélum. Einkaleyfi. Enn fremur heilbrigðismál, þ. á. m. sjúkrahús og heilsuhæli.

KRISTINN GUÐMUNDSSON utanríkisráðherra. Undir hann heyrir utanríkismál, farmkvæmd varnarsamningsins, þ. á. m. lögreglumál, tollamál, flugmál, heilbrigðismál, félagsmál og önnur þau mál, er leiða af dvöl hins erlenda varnarliðs í landinu. Gildir þetta um varnarsvæðin og mörk þeirra. Enn fremur fer hann með vegamál og samgöngur á sjó, sem eigi heyrir undir aðra ráðherra samkvæmt úrskurði þessum, svo og önnur samgöngumál, er eigi eru í úrskurðinum falin öðrum ráðherrum.

STEINGRÍMUR STEINÞÓRSSON landbúnaðar- og félagsmálaráðherra. Undir hann heyrir landbúnaðarmál, þar undir ræktunarmál, þ. á. m. skógræktarmál, búnaðarfélög, búnaðarskólar, garðyrkjuskólar, húsmæðraskólar í sveitum, dýralækninga-



#### RÍKISRÁÐ ÍSLANDS.

Forseti Íslands og hin nýja ríkisstjórn á fundi. Talið frá vinstri: Ingólfur Jónsson, Bjarni Benediktsson, Ólafur Thórs, Ásgeir Ásgeirsson, Kristinn Guðmundsson, Steingrímur Steinþórsson og Eysteinn Jónsson.

mál, þjóðjarðarmál, Áburðarverksmiðjan h.f., Búnaðarbanki Íslands. Enn fremur rafmagnsmál, þ. á. m. rafmagnsveitur ríkisins og rafmagnseftirlit, vatnamál, þar undir sérleyfi til vatnsorkunotkunar, jarðboranir eftir heitu vatni og gufu. Námu- rekstur. Kaupfélög og samvinnufélög. Atvinnudeild háskólans. Rannsóknaráð ríkisins. Kirkjumál. Félagsmál, þar undir alþýðutryggingar, atvinnubætur, vinnudeilur, sveitarstjórnar- og framfærslumál. Félagsdómur. Almenn styrktarstarfsemi þar undir, styrkveitingar til berklasjúklinga og annarra sjúklinga, sem haldnir eru langvinnum sjúkdómum, sjúkrasjóðir, ellistyrktarsjóðir, örorkusjóðir, slystryggingasjóðir, lífabyrgðarsjóðir og aðrir tryggingasjóðir þar með talið Bruna- bótafélag Íslands, nema sérstaklega séu undan teknir. Byggingarfélag. Veðurstofan. Mælitækja og vogaráhaldamál.


Steingrímur Steinþórsson fer þannig áfram með félagsmál og sveitarstjórnarmál, en hann annaðist þau málefni í fráfarandi ríkisstjórn, ásamt forsætisráðherra- störfum.

# Búnaðarbanki Íslands

Austurstræti 5 - Reykjavík

ÚTIBÚ Hverfisgötu 108.

★ ÚTIBÚ Á AKUREYRI.



Enn eru nokkur

**geymsluhólf  
til leiga**

í eldtrausti  
og vatnspéttri  
hvelfingu.



**Bankinn**

**annast  
öll innlend  
bankaviðskipti.**